

14. Fundur fræðslu- og menningarnefndar.

Haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn 16 ágúst kl 12:00.

Mættir: Guðni, Hilma, Soffía, Anna Hjalta og Arnar Einarsson.

1. Mál: Umsóknir vegna stuðningsfulltrúa.

Tvær umsóknir bárust um starf stuðningsfulltrúa vegna nemanda í 1. bekk. Þær voru frá Lilju Ólafsdóttur og Hildi Kristínu Aðalbjörnsdóttur.

Að höfðu samráði við foreldra mælir skólastjóri með því að ráða Lilju Ólafsdóttur í starfið. Nefndin mælir með ráðningu Lilju í starfið.

Arnar vísar af fundi.

Ein umsókn barst vegna stuðningsfulltrúa nemanda í 9. bekk. Hún er frá Margræti Jóhannsdóttur. Nefndin mælir með ráðningu hennar.

Arnar kemur aftur á fund.

2. Önnur mál. Arnar segir frá því sem búið er að ganga frá vegna skólastarfsins. Búið er að ganga frá kennararáðningum. Á döfinni er að taka upp pólskukennslu fyrir pólsk börn og Anna Hjaltadóttir hefur tekið að sér að hrinda því í framkvæmd.

Ákveðið hefur verið að vinna í heimasíðu fyrir Grunnskólann á Þórshöfn í vetur. Anna Hjaltadóttir hefur umsjón með því.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið kl 12:35.

Hilma Steinarsdóttir, ritari.